



Dagbók Mosverja 2015 – 2016

2015

September

5. september | Kynningarfundur var haldinn við skátaheimilið og strax vikuna eftir hófst starfið að fullu í öllum sveitum. Spennandi vetur framundan og Landsmót skáta næsta sumar. Hver veit – kannski komumst við í nýtt skátaheimili....

Október

8. október | Í dag skelltu Maríuerlurnar í eggjabrauð og popp á fundi undir berum himni. Allt gekk mjög vel og fóru stelpurnar heim saddir og með bros á vör. Minnum á skráningu í útileguna! Alltaf gaman í útiöldun.



9.-10. október | Hafernir skelltu sér í útilegu í Lækjarbotna-skála. Umhverfið þar er með ævintýrabrag og því var farið í ævintýralega leiki og gönguferðir.

13. október | Hafernir voru búnir að reyna lengi að komast upp á Hafravatn í bátafjör. Loksins gerði gott veður og þá var ekki setið í skátaheimilinu heldur skelltu allir sér í regnföt og stígvel og fóru upp að vatni. Blautur fundur og skemmtilegur.



16.-18. október | Smyrlar og Ritur (fálkaskátastelpurnar) skelltu sér í útilegu í Vífilsbúð. Þar var farið í póstaleiki, hæk og allskonar skemmtilegheit. Stelpurnar skemmtu sér frábærlega um helgina.



Nóvember

1. nóvember | Fálkaskátadagurinn var haldinn í Mosfellsbæ að þessu sinni. Rekkaskátarnir skipulögðu póstaleik fyrir alla fálkaskáta á stór höfuðborgarsvæðinu. Dagurinn tókst vel til en veðrið hefði mátt vera betra...

3. nóvember | Foreldrafundur Mosverja þar sem starf sveitanna var kynnt, dagskrá félagsins og sveitanna og svo að lokum félagsútileguna og Landsmótið næsta sumar. Kaffi og kek í lokin fyrir alla sem vildu spjalla.

13.-15. nóvember | Félagsútilega Mosverja var haldin á Úlfjótuvatni. Mikið brallað og mikið fjör. Öflugur hópur rekkaskáta skipulögðu útileguna af glæsibrag. Þau eiga sko skilið risastórt melónuhróp fyrir. Nokkrir foreldrar voru líka með okkur, sáu um að elda matinn og baka kökur. Ríkk tikk fyrir ykkur!


25. nóvember | Bakverðirnir mættu upp í Seljabrekku og aðstoðuðu okkur við að taka til í geymslunni okkar. Vá hvað við eigum mikið dót og drasl...

29. nóvember | Drekkaskátarnir fóru í óvissuferð þar sem farið var í heimsókn í björgunarsveitarhúsið og fengið að klifra í klifurvegnum þeirra. Þaðan lá leiðin í Litla skóg þar sem foreldrarnir biðu okkar og voru nýjir drekkaskátar vigðir við varðeldinn. Velcomin í hópinn öll!



Desember

7. desember | Drekaforeldrar athugið! Veðurspá morgundagsins er ekki drekum bjóðandi... Við drekatemjarnir viljum sýna ábyrgð og fylgja fyrirmælum Almannafræðinganna og fellum því niður fyrirhugaðan jólafund drekkaskátanna á morgun. Beinum þeim tilmælum til foreldra að tryggja öryggi þeirra og koma þeim öruggum heim í stað þess að láta þau þvælast úti í svona veðri. Vinsamlegast skrifið nafnið á drekanum ykkar í athugasemdum hér að neðan ef þið sjáið þessi skilaboð. kv. Dagga og ofurdrekararnir.



8. desember | Hafarnir voru með jóladekurfund og létu fara vel um sig og horfðu á bíómynd með popp og gos á meðan foreldrarnir áttu í erfiðleikum með að komast um á bílum því slæmt veður var með miklum snjó fyrri hluta dagsins.



12. desember | Fálkaskátastelpurnar bjuggu til sitt eigið land í heimsálfu sem þær höfðu búið til í sameiningu sem sveit. Þær þurftu að ákveða lög fyrir landið, tungumál, fána og margt fleira sem tilheyrir því að búa til samfélag. Á síðasta fundinum þeirra fyrir jóla kynntu þær afraksturinn sem var ekkert smá flottur!

15. desember | Jólafundur Mosverja haldinn í Krikaskóla. Jólasöngvar, skátasöngvar, heitt kakó og smákökur – þetta gerist ekki jólalega.



2016 Janúar

10. janúar | Stjórn og foringjar félagsins hittust á starfsdegi í skátaheimilinu. Fyrri hluti ársins skipulagður og smá sprell var líka fyrir hópinn.

11. janúar | „Jæja... Loksins byrja skátafundirnir aftur. Drekarnir eru fyrstir og hittast í dag á venjulegum fundartímum. Hafnir á morgun, Ritur á miðvikudaginn og dróttskátarnir líka. Svo má ekki gleyma kynningarfundinum fyrir Landsmót skáta 2016 sem er á miðvikudaginn kl. 20:00 í skátaheimilinu. Skátar og foreldrar velkomnir“ – Svona byrjaði árið 2016

13. janúar | Haldin var skemmtilegur kynningarfundur fyrir Landsmót skáta 2016. Stór hópur foreldra og skáta hittist í skátaheimilinu og fengu að heyra um dagskrá mótsins og fleira. Mikil spenna er farin að myndast í hópnum.

28. janúar | Bakvarðasveitin hittist og kynnti sér silfursmíði og að sjálfsgöðu var heitt á könnunni og kex í skál.

30. janúar | Hafnir skelltu sér í dagsferð í Bláfjöll. Mis-munandi var hvort skátarnir voru á skíðum, brettum eða bara sleðum/snjóbotum en allir skemmtu þeir sér vel... þeir voru ánægðir með daginn og útvistina.

Febrúar

17. febrúar | Aðalfundur Mosverja fór fram í skátaheimilinu. Skýrsla stjórnar, kosningar og allt hitt sem liggur fyrir. Nýr félagsforingi var kosinn en Dagbjört Brynjarsdóttir tók við af Ævari Aðalsteinssyni sem steig til hliðar og gerðist meðstjórnandi. Ekki þarf að orða það sérstaklega en fundurinn var yfirvegaður og vel stýrt af heiðurs fundarstjóra Mosverja, Atla Smára Ingvarssyni.

22. febrúar | Mosverjar héldu að venju afmælishátíð þar sem öllu var tjaldað til. Söngur, skemmtiatriði og kökuhlaðborð.

Mars

6. mars | Drekaskátadagurinn fór fram á Álftanesi í dag. 150 drekaskátar og foringjar þeirra skemmtu sér konunglega í köldu en fallegu veðri. Takk fyrir daginn Skátafélagið Svanir.



11.-13. mars | Skátaping. Skátafélagið Mosverjar tók á móti skátafélögum landsins og voru gestgjafar á Skátapingi 2016 sem haldið var í eldri deild Varmárskóla. Þingið hófst á föstudags síðdegi og lauk um kvöldmat á laugardegnum. Vel tókst til að voru Mosverjar að sjálfsgöðu fyrirmyndar gestgjafar. Þetta hefði ekki verið hægt nema með góðum stuðning frá sjálfboðaliðum félagsins og eldri skátum.

14. mars | 35 drekaskátar, popp, snakk, gos og ein bíó-mynd... Árlegur dekurfundur drekaskáta var í dag.

30. mars | Smyrlar skemmtu sér vel í slíngerð – Foreldrar, passið heimilin ykkar...





Apríl


5. apríl | Drekararnir höfðu nóg að gera á fundinum í dag. Unnið var í sveitarfánum og gert appelsínugult SLÍM!

11. apríl | Allt of gott veður til að vera inni. Drekararnir fóru út í „skóg“ og endurbyggðu skýlin sem voru illa farin eftir veturinn.



13. apríl | Smyrlar voru í stuði í dag og bjuggu til litrík eldfjöll – gaman að sjá hvernig þetta gýs.

21. apríl | Sumardagurinn fyrsti var að venju í höndum Mosverja, skruðganga og fjölskylduskemmtun með klifurveg og hoppuköstulum. Að þessu sinni fóru hátíðarhöldin fram við íþróttasvæðið að Varmá. Dagurinn tókst vel til og veðrið var gott.



25. apríl | Hrollur. Ævintýrleg útivistarkeppni fyrir dróttskáta var haldin um helgina. Þrekaun sem reynir á kænsku, gleði, skipulagshæfileika og samvinnu. Áætlað er að hvert lið hafi lagt að baki um 30 km um helgina. Sigurvegararnir voru að þessu sinni Hrafnhildur Oddný Sigurgísladóttir og Benedikta Dagsdóttir.



Mái

2. maí | Drekkátarnir vildu smíða fleka, og það fengu þau... Flekarnir voru ævintýrlegir úr hinu ýmsu byggingarefnum. Mosverjar geta stofnað skipasmíðastöð með svona flotta bátasmiði innan félags.

5. maí | Stór og öflugur hópur Mosverja og fjölskyldur létu veðrið ekki á sig fá og mættu til að tyna rusl úr Varmánni, en það er eitt af stóru samfélagsverkefnum Mosverja. Fjórir stórar kerrur af rusli voru týndar upp úr ánni og farið með í Sorpu.




9. maí | Vorið er sannarlega komið! Besti ís í heimi og smurðir skátar (Smore's) var toppurinn hjá drekaskátunum. Ilmandi af verðeld og sæl með sumarlegar freknur á nefinu eftir fund dagsins.

11. maí | Eitt undirbúningsverkefnið fyrir Landsmót skáta í sumar er að búa til kyndla. Smyrlar prufuðu og gekk mjög vel. Alla vega logaði vel í þeim.



23. maí | Drekaskátarnir lærðu tálgun og meðferð hnífa en það er mikilvægt að kunna það áður en farið er á drekaskátamót.



29. maí | Mosverjar eignuðust nýjan Gilwell-skáta. Birta Ísafold Jónasdóttir útskrifaðist úr Gilwell-leiðtogaþjálfun, en það tók um 6 mánuði að ljúka vegferðinni.

Júní

4.-5. júní | Drekaskátamót. Drekaskátamót var haldið á Úlfjótsvatni. Mosverjar mættu með stóran hóp og að venju deildum við tjaldbúð með vinum okkar frá Vestmannaeyjum úr skátafélaginu Faxe. Drekaskátamót er lokahnykkurinn í vetrarstarfi drekaskátana og alltaf er mikil spennan í krökkunum að fara á skátamót. Að sofa í tjaldi án þess að hafa mömmu og pabba með getur líka verið mikil áskorun, hvað þá að síga niður stóra turninn á Úlfjótsvati eða fara út á vatn á bátum. En eins og kvæðið segir: Allir komu þeir aftur...

7. júní | Fálkaskátarnir skelltu sér á báta á Hafravatn og grilluðu pylsur á ströndinni. Þetta var lokahnykkurinn á vetrarstarfinu hjá þeim.

17. júní | Mosverjar unnu að venju við að halda Þjóðhátíðardaginn hátíðlegan í Mosfellbæ. Heiðursvörður við messu í Lágafellskirkju, skrúðganga ásamt skemmtun við Hlégarð kom að venju í hlut okkar Mosverja. Við fengum góðan stuðning frá foreldrum og Bakvarðasveit við að gera daginn flottan. Sérstaklega var um talað að fánaborgin haf staðið sig vel.





13. júní-15. júlí | Ævintýranámskeið Mosverja. 5 námskeið voru keyrð þetta sumarið og að venju var fullt á öll námskeiðin. Um 120 börn fengu því tækifæri til að upplifa ævintýri og áskoranir í útivist og leik. Það er von okkar að næsta sumar verði hægt að bjóða fleiri börnum að dvelja á þessum námskeiðum okkar þar sem húsakosturinn er orðinn betri. Gunnar Ingi Stefánsson var umsjónarmaður að þessu sinni og fékk hann til aðstoðar starfsfólk úr vinnuskóla Mosfellsbæjar. Við þökkum Gunnari Inga og hans starfsfólki fyrir vel unnin störf.

17.-24. Júlí | Landsmót skáta. 60 Mosverjar voru þátttakendur á Landsmóti skáta á Úlfjótavatni. Þá er ekki talinn stór hópur Mosverja sem starfaði við mótið á einn eða annan hátt. Gróflega má áætla að um 80 Mosverjar hafi komið að mótinu á einn eða annan hátt. Þá eru ekki taldir allir þeir sem dvöldu í fjölskyldubúðum mótsins í styttri eða lengri tíma. Sér grein má finna um þátttöku Mosverja hér í skýrslunni.



24.-31. júlí | Euro Mini Jam. 8 dróttskátar úr Mosverjum fóru ásamt félagsforingjanum á smáþjóðaleika skáta í Evrópu, Euro Mini Jam í Mónakó. Dvöldu þar í viku tíma ásamt 100 öðrum skátum frá smáþjóðaleikum. Sér grein um þá ferð má finna hér í skýrslunni.



3.-14. ágúst | Roverway í Frakklandi. 5 Mosverjar fóru á Evrópumót skáta 16-25 ára. Alþjóðlegt mót þar sem skátarnir vinna í fjölþjóðlegum hópum. Sér grein um þá ferð má finna hér í skýrslunni.

